

**Ed.**

**504. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um friðun Þingvalla.

Frá Guðmundi Guðfinnssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Almannagjá og sá hluti Brúsastaða- og Þingvallakirkjulands, sem er austan hennar, en sunnan Ármannsfells og beinnar stefnu milli Stóragils og Hlíðargjár, skulu tekin undan jörðunum að öllu leyti og vera friðlýst.

2. Við 2. gr. Fyrir orðin »Fram að — landsstjórnarinnar« komi:  
Til aðstoðar landsstjórninni ræður nefnd manna yfir hinu friðlýsta svæði.  
Í stað orðanna »sagnfræðingur — Íslands« komi:  
og þeir menn aðrir, er landsstjórnin skipar.
3. Við 3.—6. gr. Í stað þeirra komi ein grein, 3. gr., og orðist svo:  
Nefnd þessi kallast Þingvallanefnd. Verkefni hennar er að gera ráðstafanir til að verja hið friðlýsta svæði hvers konar skemmdum. Samkvæmt tillögum hennar ákveður landsstjórnin með sjerstakri reglugerð um notkun þess og friðun, ræður umsjónarmann með því og setur honum erindisbrjef. Landsstjórnin getur heimilað nefndinni að láta taka gjald af þeim mönnum, er óska að dvelja á hinu friðlýsta svæði, og má nefndin þá verja því fje til friðunarinnar.
4. Við fyrirsögnina bætist orðin: og Þingvallaskógar.